

LÍFIÐ Í
LANDINU

Dagur

Miðvikudagur 15. mars 2000

Skáldlegur gluggi á vegg

Katrín Sigurðardóttir er þriðji listamaðurinn af sex sem Kjarvalsstaðir hafa fengið til að vinna verk í tengslum við verkefnið Veg(g)ir í miðrými Kjarvalsstaða. Við hittum Katrínu niðursokkna við vinnu sína á Kjarvalsstöðum í vikubyrjun. Á morgun klukkan sex afhendir hún Ráðhildi Ingadóttur Veg(g)inn.

Á vegginn hafa verið skorin þrjú op þannig að plötur, sem sagðar voru útúr veggnum, opnast eins og á skattholi. Á þessi borð hefur Katrín Sigurðardóttir byggt smágerð líkón, sem gestir safnsins hafa séð hana nostra við síðustu þrjár vikur. Eitt módelið er af bókasafninu hinumegin við vegginn, annað af nágrenni safnsins til norðurs og það þriðja af enn stærra svæði norður af safninu, allveg niður að sjó.

Borgin inn í safnið

„Ég var að hugsa um veggi sem þrívíð form - hvernig þeir loka af og hleypa í gegn, því sem er fyrir framan þá og aftan,“ segir Katrín. „Þetta á sérstaklega vel við í þessu húsi, sem hefur mjög svipmikla steypta veggi annarsvegar og glerveggi hinsvegar. Þykkir steinveggirnir minna á varnargarða og loka rýminu af. Í samhengi við safnið eru þeir táknrænir fyrir hlutverk þess að verðveita listaverk í afgirtu, tímalausum rými.“

Glerveggirnir gera hins vegar skilin á milli þess em er úti og inni ósýnileg. Og af því Kjarvalsstaðir eru opinbert safn, sem leggur áherslu á list samtíms, hlýtur



Katrín Sigurðardóttir eytt síðustu þremur vikum við vinnuborð sitt á Kjarvalsstöðum og búið til líkón af umhverfinu norðan Veg(g)ar. Á morgun tekur Ráðhildur við og á föstudag verða módel Katrínar tekin niður, svo nú eru síðustu forvöð að sjá þau. MYND : TEITUR.

hlutverk þess líka að vera að hleypa borginni inn. Mig langaði til að gera safnið enn gagnsærra og spegla það sem er handan veggisins inn í sýningarrýmið.

Ég hef fellt saman mismunandi skala inn í sýnirými verka minna. Með þessu er ég að reyna að skapa tvíþætta rýmistilfinningu. Annarsvegar rými sjónarinnar, hugans og ímyndunarinnar, hins vegar rými líkams og efnisins. Þess vegna eru módelin unnin beint á bakkið á veggnum en ekki á spjald sem síðan er komið fyrir á hlerunum sem skornir eru út úr veggnum.“

Speglaður veruleiki

Módelin eru öll öflug eða spegluð, þannig að gestir þurfa að horfa í spegilinn á veggnum til að sjá þau

rétt. Þannig er hægt að ímynda sér spegilinn eins og skáldlegan glugga á veggnum. „Hugmyndin um samhverf rými er ekki ómeðvituð,“ segir Katrín.

„Ég nota aðferðir, sem í dag líkjast aðferðum arkitekta öðru fremur. Hins vegar er ég frekar að vinna á forsendum smámyndarinnar (míníatúranna) en arkitektamódelisins. Allar svona smáveraldir eru skapaðar til að hýsa ímyndun áhorfandans en þó er mínítúrann skáldleg og vísar oft til ákveðins tímaskeiðs á meðan arkitektamódelið er stærðfræðilegt.“

Það kom arkitekt hingað um daginn að kíkja á sýninguna. „Hann horfði í smá stund á módelin og sagði svo : „Þú ert ekki arkitekt!“ Mér finnst það engin

móðgun. Ég vinn þetta eins og naívísti í augum arkitekts, vegna þess að módelin eru ekki nákvæm og miklu meiri skáldskapur í þeim en arkitekt getur yfirleitt leyft sér. Þessi skáldskapur er ekki úthugsadur, hann er útkoma tilraunar. Hann er líka hluti af því kikki sem ég fæ út úr því að gera þetta.“

Endurtekning og eirðarleysi

Katrín jánkur því að þetta sé mikið dútl sem vissulega kosti þolinmæði. „Einhver spurði mig hvort ég gæti látið einhvern annan búa þetta til, en það er eitthvað við ferlið og endurtekninga, sem gerir það að verkum að vinnan hefur ákveðin þerapísk áhrif. Hún er líka til vitnis um það hvað ég er frámunalega smámunasöm í bók-

staflegri merkingu.“

Markmið Kjarvalsstaða með verkefnið Veg(g)ir er að gefa gestum safnsins tækifæri til að fylgjast með vinnu listamannanna. Hlynur Hallsson, sem reid á vaðið, er vanur því að eiga samskipti við áhorfendur, en hið sama á ekki við um Katrínu.

„Oft þegar maður vinnur einn, sérstaklega við vinnu sem er ekkert nema endurtekningar, verður maður svolítið eirðarlaus og vill uppbot í ferlið. Af því fæ ég nóg hér,“ segir hún. „Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt, en nú þegar ég hef prófað að vera alltaf með fólk í kringum mig kann ég betur að meta einveruna.“

-MEÓ.

REYKJAVÍK-AKUREYRI-REYKJAVÍK

Sex sinnum á dag

Bókaðu í síma 570 3030 og 460 7000

Fax 570 3001 • websales@airiceland.is • www.flugfelag.is

...fljúgðu frekar

FLUGFÉLAG ÍSLANDS